


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>MML1024-1</b> <b>Námsáætlun Haust 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristín Petra Guðmundsdóttir	Sk.st	KPG
---------	------------------------------	-------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er farið í notkun á helstu verkfærum á gullsmíða verkstæði. Í upphafi er unnið út frá grunnhugmyndum úr bókum og blöðum. Smíði gripa eftir forskrift kennara þar sem farið er yfir helstu atriði sem nemendur þurfa að kunna skil á við smíði á skartgripum eða ýmsum skrautmunum, þ.e. hönnun, að skissa, efnisáætlun, mátasmíði, beygt, snið, pressað, slegið, kveikt, soðið, þússað og oxiderað. Efni sem notað er smíða málmar ýmiskonar t.d. silfur, messing, og kopar. Öll öryggismál vinnusvæðisins kynnt vel fyrir nemendum.

Þekkingarviðmið


**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- meðferð og umhirðu verkfæra.
- mælitækjum og uppmerkitækjum.
- notkun slípivéla og borvéla
- öryggisreglum á verkstæði.
- mikilvægi þess að ganga þrifalega um vinnusvæði sitt.
- mikilvægi þess að ganga á réttan hátt frá spilliefnum
- mikilvægi góðrar loftræstingar.
- öryggisatriðum við notkun á gasi.

Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- smíða hluti úr mismunandi málmum.
- beita verkfærum markvisst.
- beita mælitækjum.
- beita handsög og klippum.
- nota helstu hjálpartæki, t.d. rissnál, vinkil, hamar og þjöl.
- beita mismunandi yfirborðsmeðhöndlun.
- silfur kveikingu

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>MML1024-1</b> <b>Námsáætlun Haust 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- efna niður og málsetja einfalda hluti úr málm
- saga út form með handsög
- ákveða rétta vinnsluaðferð
- velja réttar þjalir fyrir efni og áferð
- skipuleggja vinnu sína á sjáfstæðan og agaðan hátt

**Námsgögn:** Bækur, fagrit, ljósrit, ljósmyndir og sýnishorn af áður unnum gripum.

Áætlun um yfirferð:

Vika. 34 - 35. Verkstæðið kynnt og farið yfir vinnureglur og verkfæri. Fyrsta verkefnið, lykklakippa eða hálsmen.

Vika. 36 - 41. Mælingar með skífumáli, kennt að saga klippa, beygja, pússa og silfur kveikja. Verkefni tvö, silfurhringur „innfatta“ stein.

Vika. 42 - 48. Frjálst verkefni. Verkefnið teiknað og hannað af nemanda. Kennari samþykkir og veitir faglega aðstoð.

**Verkefni:** Lykklakippa eða hálsmen. Silfurhringur með íslenskum steini. Frjálst verkefni skartgripir eða nytjamunir.

**Námsmat og vægi námsþátta:** 100% mat. Nemendur skila inn unnum gripum sem eru metnir af kennara. Útsögunarverkefni 25%. Hringur 35%. Frjálstverkefni 30%. Ástundun og vinnubrögð 10%.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils